

## Svar

menntamálaráðherra við fyrirspurn Kolbrúnar Halldórsdóttur og Jóns Bjarnasonar um tónlistarskóla.

1. *Hversu margir tónlistarskólar eru starfræktir á Íslandi, hverjir eru þeir, hvert er rekstrarform þeirra og hversu margir starfa við þessa skóla?*

Upplýsingar þær sem hér er leitað eftir lágu hvorki fyrir í ráðuneytinu né hjá Hagstofu Íslands.

Ráðuneytið leitaði til Sambands íslenskra sveitarfélaga til að kanna hvort þar væri unnt að fá upplýsingarnar. Þetta var gert strax og fyrirspurnin barst í lok nóvember. Í samtölum við starfsmenn þar kom fram að þessar upplýsingar lægju ekki fyrir, en í undirbúningi væri könnun á því hvar væru reknir tónlistarskólar, hvert rekstrarformið væri, hve margir störfuðu við skólana og hve margir nemendurnir væru. Ráðuneytinu bárust niðurstöður úr þessari könnun 22. febrúar sl. Könnunin var send til allra sveitarfélaga í byrjun janúar. Af 79 sveitarfélögum svöruðu 68 eða 86%, þar sem búa um 98% þjóðarinnar.

Yfirlit frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er í fylgiskjali. Þar kemur fram að sveitarfélög reka 50 tónlistarskóla og að auk þess hefur Reykjavíkurborg gert þjónustusamninga við 19 aðila um rekstur tónlistarskóla. Eins og fram kemur af yfirlitinu er nokkuð um að sveitarfélög sameinist um rekstur tónlistarskóla. Stöðugildi við tónlistarskóla sem reknir eru af sveitarfélögum eru 369,9 en ekki kemur fram hve margir kenna við skólana 19 í Reykjavík. Nemendur í skólum reknum af sveitarfélögum eru samtals 8.281, en í skólunum 19 í Reykjavík eru nemendur 3.669, þar af eru 3.207 búsettir í Reykjavík.

2. *Eru einhver sveitarfélög án tónlistarskóla?*

Samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga reka sjö sveitarfélög ekki tónlistarskóla en eitt þeirra, Vogar, kaupir þjónustu af öðru sveitarfélagi. Þetta eru eftirtalin sveitarfélög: Kópavogsbær, Kjósarhreppur, Sveitarfélagið Vogar (kaupir þjónustu), Reykhólahreppur, Kaldrananeshreppur, Bæjarhreppur, Borgarfjarðarhreppur.

3. *Kemur til greina að breyta lögum þannig að rekstur tónlistarskóla verði eitt af lögboðnum verkefnum sveitarfélaga eins og dæmi eru um annars staðar á Norðurlöndunum?*

Eins og fram kemur í svari ráðherra á þskj. 979 í 407. máli á þessu löggjafarþingi hefur nefnd verið að störfum á vegum ráðuneytisins frá 2004, sem fékk það hlutverk að endurskoða lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, nr. 75/1985. Ástæða þess að ekki hefur tekist að ljúka þessari vinnu er að ýmis álitamál eru uppi milli ríkis og sveitarfélaga tengd efni laganna. Ekki hefur verið rætt í nefndinni að gera rekstur tónlistarskóla að lögboðnu verkefni sveitarfélaga. Benda má á að á grundvelli 78. gr. stjórnarskrárinnar, um sjálfstjórnarrétt sveitarfélaga, er ekki mögulegt að breyta lögum í þessa veru nema með samþykki Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fulltrúar sveitarfélaga í endurskoðunarnefndinni telja að kennslukostnaður við tónlistarnám nemenda á framhaldsskólaaldri eigi að greiðast af ríkinu, en fulltrúar ríkisins eru þeirrar skoðunar að núverandi fyrirkomulag eigi að gilda um greiðslur sveitarfélaga á kennslukostnaði tónlistarskóla að óbreyttri kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Nefna má að þegar ákveðið var að beyta fyrirkomulagi rekstrar Listdansskóla Íslands, í upphafi skólaársins 2005–2006, lagði menntamálaráðherra til að þar sem sveitarfélögin rækju grunnskólann en ríkið framhaldsskólann væri rökrétt að sveitarfélögin bæru ábyrgð á grunn- og miðstigi sama hvaða listnám nemendur stunduðu en framhaldsstig í viðkomandi listgrein yrði á ábyrgð ríkisins.

Samkomulag náðist ekki við fulltrúa sveitarfélaganna um þessa tillögu en forsenda þess að endurskoðunarnefndin geti lokið störfum er að samkomulag náist milli ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um fyrirkomulag og kostnaðarskiptingu vegna listnáms á öllum skólastigum.

#### 4. Hvernig skiptist kostnaður skólanna:

- a. kennsla,
- b. stjórnun,
- c. annar rekstrarkostnaður?

Leitað var upplýsinga hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna þessa liðar fyrirspurnarinnar. Þar liggja ekki fyrir upplýsingar um hvernig kostnaður við tónlistarskóla skiptist milli kennslu, stjórnunar og annars rekstrarkostnaðar. Sambandið fær upplýsingar um rekstur sveitarfélaganna úr ársreikningum þeirra og eru þær greindar niður á málaflokka, t.d. fræðslu- og uppeldismál, og síðan er málaflokknunum skipt niður í deildir, þ.e. grunnskóli, leikskóli, sameiginlegir liðir og önnur fræðslustarfsemi o.fl. Rekstrarframlög sveitarfélaga til tónlistarskóla færast á liðinn „önnur fræðslustarfsemi“, en ekki er hægt að sjá hvernig framlögin skiptast milli kennslu, stjórnunar og annars rekstrarkostnaðar.

Heildarrekstrarkostnaður sveitarfélaganna vegna reksturs tónlistarskóla árið 2005 var 2,5 milljarðar kr.

#### 5. Hversu hátt hlutfall af heildarkostnaði við rekstur skólanna er greitt með skólagjöldum?

Úr ársreikningum sveitarfélaganna er aðeins hægt að sjá rekstrarframlag hvers sveitarfélags til tónlistarskóla en ekki kemur þar fram hvaða tekjur aðrir tónlistarskólar hafa. Ekki liggja heldur fyrir upplýsingar um tekjur af nemendagjöldum.

**Fylgiskjal.**

Samband íslenskra sveitarfélaga:

**Tónlistarskólar sveitarfélaga.**

Heiti	Rekstraraðilar	Stöðu- gildi	Nemendur			
			Á grunn- skóla- aldri	Á fram- halds- skóla- aldri	Alls	
1 Tónlistarskóli Kjálarness	Reykjavík	2,1	39	0	39	<sup>1</sup>
2 Tónlistarskóli Hafnarfjarðar	Hafnarfjarðarkaupstaður	36	469	138	623	
3 Tónlistarskóli Seltjarnarness	Seltjarnarnes	16,87	255	25	280	
4 Tónlistarskóli Garðabæjar	Garðabær	21	422	26	480	
5 Listaskóli Mosfellsbæjar		10,85	177	25	214	
6 Skólahljómsveit Mosfellsbæjar	Mosfellsbær	5,06	135	0	135	
7 Tónlistarskóli Reykjanesbæjar	Reykjanesbær	24,4	601	38	670	
8 Tónlistarskóli Grindavíkur	Grindavíkurbær	6,8	198	3	213	
9 Tónlistaskóli Sandgerðis	Sandgerðisbær	4,67	140	6	188	
10 Tónlistarskólinn í Garði	Sveitarfélagið Garður	2,98	38	10	48	
11 Tónlistaskóli Akraness	Akranes, Hvalfjarðarsveit	16	300	40	378	
12 Tónlistarskóli Borgarfjarðar	Borgarbyggð, Skorradals- hreppur	9,5	217	23	240	
13 Tónlistarskóli Grundarfjarðar	Grundarfjarðarbær	4	59	15	74	
14 Tónlistarskóli Stykkishólms	Stykkishólmsbær	6,5	93	18	120	
15 Tónlistarskóli Dalasýslu	Dalabyggð	2	42	0	49	
16 Tónlistarskóli Ísafjarðar	Ísafjarðarbær	15,29	260	29	342	
17 Tónlistarskóli Ísafjarðar – útibú	Súðavíkurhreppur, Ísafjarðar- bær	0,75	15	0	15	
18 Tónlistarskóli Tálknafjarðar	Tálknafjarðarhreppur	1	30	0	30	
19 Tónskóli Hólmavíkur	Strandabyggð	2	63	0	63	
20 Tónlistarskóli Vestur- Húnavatnssýslu	Húnaþing vestra	5	104	2	117	
21 Tónlistarskóli Austur-Húnavetninga	Blönduósibær, Höfðahreppur, Húnavatnshreppur, Skaga- byggð	6	158	0	170	
22 Tónlistarskóli Skagafjarðar	Sveitarfélagið Skagafjörður, Akrahreppur	11,65	264	31	339	
23 Tónlistarskóli Dalvíkur	Dalvíkurbyggð	4,5	106	0	107	
24 Tónlistarskólinn á Akureyri	Akureyrarbær	27,65	330	92	454	
25 Tónskóli Ólafsfjarðar	Fjallabyggð	5	83		83	
26 Tónlistarskóli Siglufjarðar		4,5	77	11	122	<sup>2</sup>
27 Tónlistarskóli Öxarfjarðarhéraðs		1,3	23	3	26	<sup>3</sup>
28 Tónlistarskólinn á Raufarhöfn		1	16	4	20	
29 Tónlistarskóli Húsavíkur	Norðurþing	8,7	314	11	390	<sup>4</sup>
30 Tónlistarskóli Eyjafjarðar	Eyjafjarðarsveit, Grytubakka- hreppur, Hörgárbyggð, Arnar- neshreppur	10,7	166	10	176	
31 Tónlistarskóli Skútustaðahrepps	Skútustaðahreppur	2	31	0	31	
32 Tónlistarskóli Hafnalækjarskóla	Aðaldælahreppur, Norðurþing, Tjörneshreppur	2	47	0	60	
33 Tónlistardeild Stórutjarnarskóla	Þingeyjarsveit	2	35	0	37	

	Heiti	Rekstraraðilar	Stöðu- gildi	Nemendur		
				Á grunn- skóla- aldri	Á fram- halds- skóla- aldri	Alls
34	Tónlistarskólinn á Laugum		2,3	34	8	42
35	Tónlistarskólinn á Þórshöfn	Langanesbyggð, Svalbarðs- hreppur	1	49	1	50
36	Tónlistarskóli Seyðisfjarðar	Seyðisfjörður	3,5	56	2	55
37	Tónlistarskóli Vopnafjarðar	Vopnafjörður	2	53	1	54
38	Tónskóli Neskaupstaðar		4,57	95	16	123
39	Tónlistarskóli Eskifjarðar og Reyðarfjarðar		5,15	129	13	142
40	Tónlistarskóli Fáskrúðsfjarðar og Stöðvarfjarðar	Fjarðabyggð	3	78	0	82
41	Tónlistarskóli Austur-Héraðs, Egilsstöðum og Hallormsstað	Fljótaldshérað, Fljótalds- hreppur	7,8	128	13	155
42	Tónlistarskólinn í Fellabæ	Fljótaldshérað	3,6	64	11	87
43	Tónlistarskólinn í Brúarási	Fljótaldshérað	1,7	19	0	25
44	Tónskóli Djúpavogs	Djúpavogshreppur	1,18	25	0	26
45	Tónskóli Austur-Skaftafellssýslu	Hafnarbraut 27	7,36	85	12	103
46	Tónlistarskóli Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar	9,36	157	19	176
47	Tónlistarskóli Árnesinga (12 kennslustaðir)	Sveitarfélagið Ölfus, Sveitar- félagið Árborg, Flóahreppur, Hveragerðisbær, Bláskóga- byggð, Grímsnes- og Grafn- ingshreppur, Hrunamanna- hreppur, Skeiða- og Gnúpverja- hreppur	26,63	418	47	494
48	Tónskóli Mýrdælinga	Mýrdalshreppur	1	42	1	47
49	Tónlistarskóli Skaftárhrepps	Skaftárhreppur	1	21	0	21
50	Tónlistarskóli Rangæinga	Rangárþing ytra, Rangárþing eystra, Ásahreppur	9	117	4	266
			<b>369,9</b>	<b>6.877</b>	<b>708</b>	<b>8.281</b>
<b>Athugasemdir:</b>						
<sup>1</sup> Þjónustusamningur við 19 einkaskóla.						
<sup>2</sup> Að auki 34 í forskóla.						
<sup>3</sup> Þrír í framhaldsskóla eða eldri.						
<sup>4</sup> Að auki 31 fullorðinn og 34 leikskólabörn.						
<sup>5</sup> Tónlistardeildin á Hallormsstað er rekin í samvinnu með Fljótaldshreppi.						
<sup>6</sup> 168 nemendur alls ef forskólanemendur eru taldir með.						
<sup>7</sup> Að auki 128 forskólanemendur á grunnskólaaldri.						

### Tónlistarnemar í Reykjavík, samkvæmt námsstigum.

Skóli	Fornám	Grunn- nám	Miðnám	Fram- haldsnám	Nám á háskólastigi	Samtals
Allegro	8	83	22			113
Domus Vox	47	16	19	1		83
DoReMi	42	138	22	2		204
Gítarskóli Íslands	3	139	3	2		147
Nýi söngskólinn Hjartansmál	2	49	36	25	6	118
Nýi tónlistarskólinn	4	145	39	23	1	212
Píanóskóli Þorsteins Gauta	11	115	26	5		157
Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík		181	28			209
Söngskólinn í Reykjavík		69	47	74		190
Tónlistarskóli Árbæjar	39	141	5	2		187
Tónlistarskóli FÍH		50	52	29		131
Tónlistarskólinn í Grafarvogi	30	98	54	11		193
Tónlistarskólinn í Reykjavík	4	29	92	77	2	204
Tónmenntaskóli Reykjavíkur	42	139	52	2		235
Tónskóli Sigursveins	132	354	104	48		638
Tónskóli Eddu Borg	31	124	19			174
Tónskóli grunnskólanna í Grafarvogi	13	34	8	1		56
Tónskóli Hörpunnar	93	246	9	1		349
Tónstofa Valgerðar		66	3			69
<b>Samtals</b>	<b>501</b>	<b>2.216</b>	<b>640</b>	<b>303</b>	<b>9</b>	<b>3.669</b>

### Fjöldi reykvískra tónlistarnemenda, eftir póstnúmeri.

	Póstnúmer												Sam- tals
	101	103	104	105	107	108	109	110	111	112	113	116	
Allegro	11	2	5	14	11	9	7	8		9	3		79
Domus Vox	13	2	3	14	9	11	5	5	2	3	4		71
DoReMi	34			1	131			1	1				168
Gítarskóli Íslands	9	1	13	7	10	20	6	5		13			84
Nýi söngskólinn Hjartansmál	14	1	10	13	9	9	5	4	3	13	1		82
Nýi tónlistarskólinn	6	4	34	34	10	72	7	7		9	1		184
Píanóskóli Þorsteins Gauta	15		9	27	6	40	9	7	3	5	4	1	126
Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík	26	1	14	26	21	16	5	13		20	3		145
Söngskólinn í Reykjavík	29	1	15	22	15	17	26	11	4	18	5	1	164
Tónlistarskóli Árbæjar	1			1		2	1	96	1	4	79		185
Tónlistarskóli FÍH	26	2	7	20	24	11	5	7	4	6	1		113
Tónlistarskólinn í Grafarvogi			2	4		4	2	5		167	5	1	190
Tónlistarskólinn í Landakoti	19			2	8	1	1						31
Tónlistarskólinn í Reykjavík	45		12	28	34	19	5	4	2	11			160
Tónmenntaskóli Reykjavíkur	73	1	15	59	46	28	5	2		4			233
Tónskóli Sigursveins	57	2	78	134	32	62	40	89	49	30	11		584
Tónskóli Eddu Borg			1	6		4	142	4	4	1	3		165

	Póstnúmer												Sam- tals
	101	103	104	105	107	108	109	110	111	112	113	116	
Tónskóli grunnskólanna í Grafarvogi										54			54
Tónskóli Hörpunnar	1		4	1		22	4	27	2	274	2	2	339
Tónstofa Valgerðar	5	1	9	13	3	6	2	2		9			50
<b>Samtals</b>	<b>384</b>	<b>18</b>	<b>231</b>	<b>426</b>	<b>369</b>	<b>353</b>	<b>277</b>	<b>297</b>	<b>75</b>	<b>650</b>	<b>122</b>	<b>5</b>	<b>3.207</b>

Reykjavíkurborg greiðir framlag með 2.554 nemendum í tónlistarskólum.